

Vegna æðardúns við Steypustöð

Til : Ármann Viðar Sigurðsson;Fjallabyggð
Frá : Árni Örvarsson <arni@icelandiceider.com>
Heiti : Vegna æðardúns við Steypustöð
Málsnúmer : 2006001
Málsaðili : Árni Rúnar Örvarsson
Skráð dags : 02.06.2020 10:29:56
Höfundur : Árni Örvarsson <arni@icelandiceider.com>

Til þess er málið varðar.

Árni heiti ég og er æðarbóndi að Hraunum í Fljótum. Hér á Hraunum er að finna eitt stærsta æðarvarp landsins og bestu aðstöðu til dúnpurrkunar sem fyrir finnst. Hér er æðardúnninn þurkaður við ylvogar 37 gráður og því er dúnninn orðinn þurr á innan við sólrhring. Vegna þeirrar frábæru aðstöðu sem við eigum höfum við einnig verið að ná nýtingu upp að 38% á dúninum sjálfum, sem er algjört einsdæmi. Meðal nýting er um 25%.

Ég sendi erindi á Bæjarráð Fjallabyggðar árið 2019 um að taka dún og sjá um varpið við Steypustöðina á Siglufirði í fyrra gegn gjaldi en fékk neitun. Uppgefin ástæða var sú að Ólafur Guðmundsson og Pétur Guðmundsson sæju um varpið og ég vitna hér í tölvupóst frá Ólöfu Kristínu Daníelsdóttur sem sendur var þann 20. mars 2019.

“Í vinnuskjali deildarstjóra tæknideildar dags. 19.mars 2019 kemur fram að Ólafur Guðmundsson og Pétur Guðmundsson byggðu upp æðavarpið á Vesturtanga á síðastliðnum áratugum.”

Bæjarráð sér ekki ástæðu til að breyta núverandi fyrirkomulagi og hafnar því erindi Árna Rúnars Örvarssonar.”

Eftir þessa neitun fylgdist ég vel með varpinu á Siglufirði en því miður var enginn dúnn tekinn þar og verðmætin látin liggja og skemmast árið 2019. Einnig má þess geta að Pétur Guðmundsson var látinn og því var Ólafur einn eftir að sjá um varpið.

Núna í ár heyrði ég sjálfur í Ólafi Guðmundssyni þar sem ég spurðist fréttu af varpinu, hvort hann ætlaði að taka dúninn og hvernig þessu yrði háttað. Í símtalinu fullvissaði hann mig um að hann tæki dúninn og að engin ástæða væri til að halda öðru fram. Ég bauð honum aðstoð mína sem hann var glaður með.

Eftir þessi stuttu samskipti okkar Ólafs hitti ég Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóra tæknideildar hjá Fjallabyggð. Við áttum gott spjall um allt sem við kemur dúninum við Steypustöðina og vorum sammála um að ég myndi reyna að aðstoða Ólaf við dúninn og svo myndum við sjá til hvort hann ætlaði ekki að taka dúninn þetta árið, annars yrðum við í bandi.

Ég heyrði aftur í Ólafi og bauð honum alla mína aðstoð án endurgjalds. Ég hitti svo á hann, hann fór með mér um allt varpið og sýndi mér. Ég fór síðan og skaut máf fyrir hann þann 15. maí sl. ásamt því að sinna reglubundnu eftirliti við varpið og kanna aðstæður. Við féllumst á það að hann myndi heyra í mér þegar kæmi að dúntekju og kanna hvort við gætum ekki hjálpast að við að taka dúninn og ég myndi svo þurka dúninn á Hraunum. Þess má geta að til þessa hefur dúnninn sem tekinn hefur verið við Steypustöðina verið settur í svarta ruslapoka með götum og hengdur upp í rjáfur. Við þetta myglar dúnninn á nokkrum dögum og rýrnar verulega vegna rakans sem myndast.

Ég fylgdist reglulega með varpinu við Steypustöðina og fékk svo veður af því frá strákunum hjá Bás að fyrstu ungarnir hefðu farið út á sjó föstudaginn 29. maí og því var kominn tími til að hefja dúntekju. Ég heyrði í Ólafi í kjölfarið þar sem hann tjáir mér að hann hafi ekki heilsu til að taka dúninn vegna aldurs og að hann hafi gefið Örlygi Kristfinnssyni allan dúninn. Þegar ég spurðist frekar út í það þá sagði hann að Örlygur hefði enga aðstöðu til að þurrka dúninn, ekki frekar en Ólafur sjálfur, en að hann seldi dúninn svart til einhvers sem tæki að sér að hreinsa dúninn.

Þessir viðskiptahættir og að gefa verðmæti sem bærinn á finnst mér fyrir neðan allar hellur. Þarna er verið að brjóta í bága við lög ásamt því að ekki er verið að vinna rétt úr hráefninu. Að þriðji aðili sé að hagnast verulega á eignum bæjarins en bærinn ekkert er einnig eitthvað sem ég set stórt spurningamerki við.

Nú á að taka dúninn við Steypustöðina í dag, þriðjudaginn 2. júní eða á morgun, miðvikudaginn 3. júní og er ég mjög ósáttur við að þessir viðskiptahættir fái að vera við líði. Einnig finnst mér leiðinlegt að sjá varpið illa um hirt og að betur hefði mátt fara.

Mig langar að leggja fram tillögu við Bæjarráð um að ég, Árni Rúnar Örvarsson, fái að taka dúninn sem er við Steypustöðina og að samkomulag yrði gert milli mín og Fjallabyggðar þar sem bærinn myndi fá greitt fyrir, hvort sem það yrði í formi leigu eða prósentur af uppskeru.

Ég má til með að nefna að hér á Hraunum verður fullvinnsla á æðardúni frá og með næsta ári og verður því hægt að vinna dún frá A-Ö og er það ég sjálfur sem sé um það. Ég starfa aðeins sem æðarbóndi í dag og er að vinna við dúntekju, dúnhreinsun, dúnhvott og sölu dúnsins. Ég er einnig í vinnuhóp innan Æðarræktarfélags Íslands þar sem tillaga mín að bættu umhverfi til sölu æðardúns frá Íslandi með því að innleiða ISO 9001 gæðavottun er unnin og verður vonandi að veruleika árið 2021.

Ég hef verið að selja nokkur hundruð kíló af æðardún ári, bæði erlendis sem hrávöru, ásamt því að sauma mínar eigin æðardúnsængur undir merkjunum "Icelandic Eider". Það má því segja að ég sé landbúnaðarfrumkvöðull þegar kemur að æðardúni og er ég hvergi nærri hættur að þróa mína vinnslu, vörur eða sölutaktík.

Ég vona að þetta erindi verði tekið til ítarlegrar skoðunnar og að æðardúntekju við Steypustöðina á Siglufirði verði háttað þannig að bærinn hagnist á því að hafa þessa frábæru atvinnugrein innan sveitarfélagsins.

Það ætti ekki að skemma fyrir að varpið yrði enn í umsjá Siglufirðings, enda er undirritaður hálfur Siglufirðingur og hefur m.a. leikið með KF tvö tímabil.

Með von um jákvæð viðbrögð og bestu þakkir.

--

Árni Rúnar Örvarsson
Icelandic Eider - General Manager
arni@icelandiceider.com
(+354) 821 0394

Sent from my iPhone